

## 42. fundur miðstjórnar

haldinn þann 17 október 2014

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Eiríkur Sigurðsson, Guðrún Bergþórsdóttir, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Finnur Víkingsson, Jakob Tryggvason, Eyjólfur Ólafsson, Þórunn S. Jónsdóttir, Andri Jóhannsson, Hafliði Sívertsen og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Boðuð forföll: Einar Kristinsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Ómar Baldursson, Eva K. Benjamínsdóttir, Helgi Jónsson,

Varamenn boðaðir: Eiríkur Sigurðsson, Þórunn S. Jónsdóttir, Finnur Víkingsson,

Dagskrá:

1. Fundargerð 41. fundar, Fundargerð 40. fundar, fundargerð 39. fundar
2. Starfsmannamál RSÍ
3. Kjarasamningar
  - a. Staða viðræðna
4. Tekjuuppgjör aðildarfélaga
5. Þing ASÍ
  - . Vefsvæði fyrir þingfulltrúa sem og aðra
- a. Kjörnefnd ASÍ 2014-2016
6. Jólastyrkur til atvinnulausra
7. Átak vegna trúnaðarmanna
8. Félagsfundur Verkiðnar
9. Boð á Evrópska menntaráðstefnu í Þýskalandi
10. Fjárhagsáætlun
  - . Leigugjald 2015 (sumar/haust)
- a. Möguleg áhrif hækkunar
- b. Leigutími húsa erlendis
11. Búnaður í fundarsal
  - . Tilboðslýsing
- a. Forsendur hönnunar
- b. Flæðimynd
- c. Tilboð
12. Önnur mál

Fundargerð:

1. Lagðar fram fundargerðir síðustu 3ja funda. Þær samþykktar athugasemdalaust.
2. Starfsmannamál RSÍ.  
Trúnaðarbrestur varð þess valdandi að tekin var ákvörðun um að segja starfsmanni sambandsins upp. Kristján sagði að ákvörðunin hefði verið

mjög erfið. Kristján minnti á að Björn Ágúst vann vel mörg verkefni fyrir sambandið.

Stjórn og trúnaðarráð FÍR mun fjalla um málið í næstu viku.

Kristjáni var veitt heimild til að sækja utanaðkomandi handleiðslu fyrir starfsfólk.

3. Kjarasamningar.

Rarik fundur í vikunni vegna slysatrygginga og einnig var samskonarfundur hjá Landsneti.

Ákveðin biðstaða er í samningaviðræðum sökum þess að ekki er vitað hvort allir verða saman innan ASÍ. Menn eru að átta sig á stöðunni. Verið er að skoða samstöðu allra innan ASÍ, hvort mögulegt sé að fara í sameiginleg átök á meðal allra aðildarfélaganna ASÍ. Það gæti tryggt að ekki eingöngu sterku hóparnir fái leiðréttingu.

Nauðsynlegt er að reyna að tryggja að einn eða tveir frá sambandinu sitji alla samningafundi í þessari samningalotu.

Viðhorfskönnun getur farið út í þar næstu viku og launakönnun stendur yfir.

4. Tekjuuppgjör aðildafélaganna lagt fram og er fylgiskjal með þessari fundargerð. Aukning er upp á 6,76% að meðaltali.

5. Þing ASÍ er í næstu viku. Minnt á þingsvæðið og er það öllum aðgengilegt. Samþykkt að Ísleifur Tómasson verði áfram í kjörnefnd fyrir okkar hönd. Sagt frá hugmynd ASÍ um að fjölga varaforsetum ASÍ.

6. Jólstyrkur til atvinnulausra félagsmanna. Lagt fram fylgiskjal. Í fyrra voru veittir 37 styrkir samtals 1.072.000kr. Samþykkt að halda þessu áfram.

7. Trúnaðarmannaátak.

Í ljós hefur komið að við höfum trúnaðarmenn hjá 65 fyrirtækjum og það lítur út fyrir að um 100 fyrirtæki hafi ekki trúnaðarmenn en eru með 5 félagsmenn okkar eða fleiri. Samþykkt að setja inn auglýsingar og benda rafiðnaðarmönnum á þeirra rétt í von um að hægt sé að styrkja trúnaðarmannakerfið.

8. Meðfylgjandi er fundarboð á félagsfund Verkiðnar. Samþykkt að Jens Heiðar verði okkar fulltrúi.

9. Boð kom á þýska menntaráðstefnu. Samþykkt að vísa erindinu til Stefáns Sveinssonar skólastjóra Rafiðnaðarskólans.

10. Verið er að vinna í fjárhagsáætlun. Rætt var um hvort hækka ætti leiguna í stærri og nýrri húsum orlofssjóðs. Hafa hækkun hóflega og samþykkt að 2% hækkun sé ásættanleg. Annað óbreytt í fjárhagsáætluninni.

11. Búnaður í fundarsal.

Lagt fram tilboð frá Exton sjá fylgiskjöl. Í fundarherbergið vantar skjávarpa, fjarfundabúnað og lýsingu. Tilboðið verður skoðað á milli

funda og samþykkt að rétt sé að gera þarfagreiningu áður en ákvörðun er tekin.

12. Önnur mál.

Húsið hjá Golfklúbbnum Dalbúa þarfnast viðgerðar sem talin er kosta 220þúsund. Við eigum 43,5% í húsinu og sótt var um að við tökum þátt í kostnaði. Það var samþykkt.

Svanborg sagði frá ósk frá formanni Ljóstæknifélagsins vegna kynningar HÍ hjá grunnskólanemum. Spurning að setja saman hóp um kynningarmál. Jens settur í málin og hefur samband við Svanborgu.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15:35.